

- 22 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Raforkusjóð Saurbæjarhrepps“, 9. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febr. 1948. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Raforkusjóð Saurbæjarhrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Raforkusjóður Saurbæjarhrepps.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af undirritaðri Sesselju Sigurðardóttur frá Jökli. Tilgangur hans er að létta kostnað við rafleiðslu í Saurbæjarhreppi, hvort sem orkustöð verður komið þar upp fyrir sveitarfélagið eða keypt verður afl, leitt frá annarri stöð. Orkustöðvar fyrir einstaka bæi má og styrkja, ef stjórn sjóðsins telur almenna raforkuleiðslu óframkvæmanlega eða ótímabæra.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100.00. Veitir sjóðurinn móttöku hvers konar gjöfum og framlögum, er honum berast, hvort sem er frá einstökum mönnum eða stofnunum, er vilja flýta fyrir því, að raforkan komi sveitarfélaginu sem fyrst til nota. Sjóðinn skal jafnan ávaxta í banka, sparisjóði, innlánsdeild eða í auðseldum verðbréfum.

4. gr.

Verði raflína lögð um hreppinn þannig, að flestir eða allir bæir fái notið rafmagns, hefur stjórn sjóðsins heimild til að verja eins miklu af höfuðstól sjóðsins eins og henni sýnist hyggilegt, í stofnkostnað rafleiðslunnar, enda hafi hún vald til að styrkja með því sérstaklega fátækustu heimilin í hreppnum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Hreppstjóri Saurbæjarhrepps, sóknarpresturinn í Grundarþingaprestakalli og einn maður kosinn á vorhreppaskilabingi í Saurbæjarhreppi. Gildir kosning hans til fjögurra ára.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórn sjóðsins í janúarmánuði ár hvert gera reikning sjóðsins fyrir liðið ár og senda hann síðan til sýslunefndar, sem lætur endurskoða hann og leiðrétta, ef með þarf. Skal birta reikninginn á þann hátt, er sýslunefnd ákveður. Þóknun fyrir ritstörf, bækur og ritföng greiðist úr sjóðnum.

7. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Saurbæjarhreppi.

8. gr.

Tilgangi skipulagsskrár þessarar má ekki breyta. Óskað er eftir staðfesting forseta Íslands á henni.

Arnarstöðum, 19. júní 1947.

Sesselja Sigurðardóttir.